

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA haldinn 23. janúar 2023 í Múlanum í Neskaupstað og hófst fundurinn kl: 11:30 með sameiginlegum hádegisverði stjórnar og gesta.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lilly Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Axel Örn Sveinbjörnson afboðaði sig og ekki tókst að boða varamann.

Mættir gestir undir lið 1: Jón Björn Hákonarson, Stefán Eysteinnsson og Birgir Jónsson í viðbót við fulltrúa Fjarðabyggðar sem sitja í stjórn SSA/Austurbrúar, Ragnar Sigurðsson og Þuríði Lilly Sigurðardóttir. Fulltrúar í stjórn Austurbrúar, Sæunn Stefánsdóttir og Práinn Lárusson boðuðu forföll af þessum hluta staðfundardags Austurbrúar og SSA í Fjarðabyggð. Þá kom Guðmundur Rafnkell Gíslason, framkvæmdastjóri SÚN inn á fundinn undir þessum lið kl. 13:00.

Mættur gestur undir lið 4: Jón Björn Hákonarson, fulltrúi NA svæðis í stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár

1. Fundur stjórnar SSA/Austurbrúar með fulltrúum Fjarðabyggðar

- Jón Björn fór almennt yfir stöðu mála í sveitarfélaginu og helstu verkefni sem unnið er að. Umræður voru m.a. um stöðu ferðaþjónustu, landbúnaðar, sjávarútvegs og þróunar á ýmsum sviðum í Fjarðabyggð og á Austurlandi. Farið var yfir stærstu verkefni sveitarfélagsins á árinu er kemur að fjárfestingum og uppbyggingu innviða m.a. framkvæmdum í hafnarmannvirkjum. Umræður voru um húsnæðisáætlanir og stöðu húsnæðismála á svæðinu sem og þróun atvinnugreina, framboð á störfum o.fl.
- Guðmundur Rafnkell Gíslason, framkvæmdastjóri SÚN kom inn á fundinn og kynnti uppbygginguna á Múlanum og stöðuna í dag ásamt því að farið var um húsið og aðstaðan skoðuð.

Stjórn þakkaði fyrir góðan fund, gagnlegar og upplýsandi umræður sem og góða kynningu á Múlanum. Gestir fundarins undir lið 1 yfirgáfu fundinn kl. 13:30

2. Fundargerðir SSA nr. 6

- Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

3. Sóknaráætlun 2023 og C1

- Framkvæmdastjóri kynnti framlag ársins 2023 í sóknaráætlun og næstu skref vegna áhersluverkefna 2023. Ekki var mikil skerðing á milli ára. Farið verður yfir drög að áhersluverkefnum ársins 2023 á næsta fundi.
- Framkvæmdastjóri sagði frá því að sendar hafi verið inn tvær umsóknir í C1. Annað verkefnið tengist þróun á nýsköpun til sveita. Hitt verkefnið er í samstarfi við norðurland eystra og vestra og snýst um að hvetja til þróunar á ferðavörum á svæðinu tengda beinu millilandaflugi til Egilsstaða og Akureyrar.

4. Fundur með fulltrúa í stjórn sambandsins

- Jón Björn Hákonarson kom inn sem gestur undir lið 4 fór yfir helstu atriði á vettvangi stjórnar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga. Sagði hann frá því að nýlega hefði verið lagt lokahönd á mikla stefnumótunarvinnu og framundan er landsþing í lok mars. Þessa dagana er m.a. mikil vinna í gangi sem tengist kjaramálunum og innleiðingu nýrra laga vegna úrgangsmála. Þá sagði hann umsóknarferli vera í undirbúningi fyrir starf framkvæmdastjóra en Karl Björnsson stefni að því að láta af störfum með vorinu.

5. Önnur mál

- Nýtt verkefni – Framkvæmdastjóri kynnti erindi til sveitarfélaganna og stöðu undirbúningsvinnu fyrir nýtt verkefni á sviði hringrásarhagkerfisins, orkuskipta og nýsköpunar á Austurlandi. Samhliða fór framkvæmdastjóri yfir samningsdrög en stefnt er að undirritun 1-2 febrúar með stofnaðilum verkefnisins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að áframhaldandi undirbúningi og ganga frá samningum og öðru er tengjast stofnun verkefnisins í samræmi við erindið til sveitarfélaganna.

- Í samræmi við erindi þess efnis þá staðfestir stjórn að Stefán Bogi Sveinsson sitji áfram fyrir SSA í verkefnastjórn tengt BB á Borgarfirði eystri út 2023.

Eftirfarandi mál voru til kynningar.

6. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í [samráðsgátt](#)

7. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr. [549](#)
- SSV, fundur nr. [172](#)
- SASS, fundur nr. [589](#), [590](#)
- SSS, fundur nr. [784](#), [785](#)
- Sambandið (fundur nr. 916 í möppu)
- Skipunarbréf vegna Öflug sjúkrahúspjónusta í dreifbýli

Ekki fleiri mál á dagskrá fundi slitið kl 14:40